


Steinunn Ásmundsdóttir

# Hef klifið mína Herðubreið í annað sinn



Mýnd: GG

Eftir rúmlega 20 ára hlé frá útgáfu sendi Steinunn Ásmundsdóttir frá sér tvær bækur á þessu ári, ljóðabókina *Áratök tímans* og skáldævisöguna *Manneskjusögu* sem vakið hefur töluvert umtal. Þar segir Steinunn sögu konu sem lendir algjörlega á skjön við samtíma sinn. Austurglugginn heimsótti Steinunni á heimili hennar á Egilsstöðum og ræddi við hana um ástríðuna fyrir ritlistinni, tíðarandann sem skildi ekki og ungskáldi úr Reykjavík sem settist að við Lagarfljótið.

„Ég gaf ljóðabókina út í maí, á sauðburði. Svo kom Manneskjusaga í október. Báðar þessar bækur voru skrifaðar samhliða,“ segir Steinunn. Við sitjum við kertaljós í stofunni á heimili hennar á Egilsstöðum með blóðbergste í bollum en blóðbergið tíndi hún í eigin garði á liðnu sumri.

Steinunn er fæddur Reykvikingur og hafði sent frá sér þrjár ljóðabækur áður en hún flutti austur í Egilsstaði. Hún tilheyrði hópi ungskálda í borginni og rifjar upp að hún hafi lesið upp undir berum himni í Austurstræti og ferðast um landið á vegum Almenna bókafélagsins með Birgittu Jónsdóttur og Sigmundi Erni Rúnarssyni til að lesa upp ljóð. „Okkur fannst við virkilega vera að leggja grunn að nýjum tímum og tókum okkur hátiðlega. Svo skildi með mér og mörgum þessara samtíðamanna. Ég er heldur rómantísk, starfaði oft sem landvörður og var þannig mikið

úti í náttúrunni og fór að skrifa náttúruljóð. Ég skrifaði til dæmis ljóðabók um Þingvallasveit og fékk gagnrýni um hana á þá leið að ég væri þar að skrifa náttúruromantik í ætt við skáldskap Jónasar.“

Steinunn hafði búið við að erlendis áður en hún fluttist austur um þritugt. Hún segist þá hafa verið tilbúin að festa rætur eftir mikil ferðalög en ekki hugnast Reykjavík sem hafi verið „óróleg, eins og unglingur í hormónakasti.“ Hugurinn reikaði því til landsbyggðarinnar, til Héradss þaðan sem móðurætt hennar er runnin.

„Helgi Hallgrímsson, fornvínur minn, benti mér á að gamla gistihúsið við Fljótið stæði autt og spurði hvort ég vildi ekki fá það lánað til að setjast hér að og skrifa. Mér þótti hugmyndin nokkuð góð þannig ég kom um sumarið og skoðaði húsið með vinkonu minni. Ég man að hún sagði við mig: „Steinunn, þú ert ekki að fara að flytja inn í þetta hús – það er ónýtt!“ Tveimur mánuðum síðar kom ég með allt mitt hafurtask og flutti inn í húsið. Það var haustið 1996 en um vorið hafði bókin mín, *Hús á heiðinni*, komið út.“

## Garðurinn blómstrar þegar skilyrðin eru rétt

Ólíkt því sem Helgi hafði í huga fór Steinunn hins vegar ekki að skrifa ljóð eða skáldskap. „Ég kynntist manninum mínum og fékk fasta vinnu. Fljótlega varð ég ferðamálafulltrúi Fljótsdalshéraðs og var komin í miklar annir í vinnu

og félagsstörfum. Ég keyrði um allar sveitir á gamla ráðherrabílnum hans Hjörleifs Guttormssonar sem Helgi hafði selt mér fyrir 25 eintök af nýjstu ljóðabókinni minni. Billinn var svo götöttur að stundum sá ég ekki út fyrir ryki.“

Árið 2000 varð Steinunn fréttaritari Morgunblaðsins og síðan fastráðinn blaðamaður. Hún þekkti aðeins til blaðamenskunnar, hafði verið lausráðin hjá blaðinu í borginni og myndað góð tengsl við annan ritstjóranna, Matthías Jóhannesson. „Hann var mjög traustur vinur okkar ungu skáldanna. Ég man eftir að hafa oftast einu sinni ruðst inn á ritstjórnarskrifstofu Morgunblaðsins í Hafnarstrætinu í tilvistarlegri angist og krafist þess að fá að hitta Matthías. Alltaf fékk ég að hitta hann og hann setti mig ofan í góðan leðurstól og lét færa okkur kaffi í hvítu postulínu. Svo ræddum við um skáldskap og ég kom alltaf betri út á eftir. Hann kenndi mér að garðurinn veit ekki af hverju hann blómstrar, hann bara bíður og safnar og blómstrar þegar skilyrðin eru rétt.“

Þótt nóg væri um að skrifa í blaðamenskunni gaf hún ekki mikið svigrúm fyrir skáldskapinn. „Umdæmið er allt Austurland, allir viðburðir, frá hálendi til strandar. Að ætla að fara að skrifa eitthvað skapandi á sama tíma gekk ekki fyrir mig, álagið af vinnunni og fjölskyldulífnum var of mikið til þess. Ég fór bara á bólaþak inn í þetta og mér skolaði ekki út fyrr en 2011

þegar ég var búin að vera ritstjóri Austurgluggans í tvö ár.“

## Brann út í blaðamenskunni

Steinunn segir að vinnuálagið sem einyrki í blaðamenskunni hafi verið slíkt að það hafi tekið hana nokkur ár að ná ró til að snúa sér aftur að skrifum og skáldskap. „Ég hafði vit á að stoppa mig af í blaðamenskunni áður en ég fór fram af brúninni. Í blaðamenskunni þarftu stöðugt að vera skapandi og vakandi með loftnetið uppi, alltaf á vaktinni. Ég var farin að upplifa það að ég gat ekki stöðvað hugsanirnar og var eins og hamstur í hjóli – alveg sama hvað ég vann og hamaðist á öllum vigstöðvum, það var aldrei nóg. Ég ákvað loks að stinga niður fæti og endurheimta líf mitt, fékk mér dagvinnu við skrifborð hjá ríkisstofnun og náði að róa mig niður.“

Eftir allan þennan hamagang þurfti ég virkilega að spyrja sjálfa mig að því hver ég væri og hvert ég raunverulega stefndi. . . Ég stóð því uppi á sjónarhól í um þrjú ár, horfði yfir ævi mína og forsendur og hugsaði hvaða kona þetta væri sem farið hefði víða, upplifað margt, ætti þessa lítriku baksögu. Ég þurfti þennan tíma til að muna að einhvern tímann hefði ég metið það mest af öllu að geta skrifað ljóð. Það var kveikjan að því að ég vildi skoða til hlítar hvort ég ætti ennþá eitthvað inni hjá skáldgyðjunni. Ef ekki yrði ég að finna annan neista til að knýja mig áfram.

Ég stóð því að segja má á berangri um hríð því ég vissi ekkert hvert ég ætlaði. Ég átti jú mína góðu fjölskyldu og ramma en hvað ég vildi gera með sjálfa mig sem persónu til framtíðar var ég ekki viss um. Þetta var satt að segja ótrúlegt tækifæri. Það er magnað að geta staðnærnst, eða staldrað við á þennan hátt á miðjum aldri, horft yfir og hugsað um hvað sé framundan, hvaða tækifæri í stöðunni.“

### Leitaði skáldskaparins á ný

Steinunn segist hafa fengið áhuga á ritlist strax sem barn. „Mér þótti alltaf vænt um tungumálið og orðin og gerði mér snemma grein fyrir að orð eru vandmeðfarin. Mjög snemma fannst mér að eitt það merkilegasta sem nokkur manneskja gæti gert væri að færa tilveruna og hugmyndir í orð.“


Með þetta í huga fór Steinunn að leita að fólki sem væri álíka þenkjandi og dróst inn í senu ungskáldanna í Reykjavík. „Ég hitti fólk sem hugsaði á líkum nótum og að umgangast skapandi huga gefur bæði innblástur og hvatningu.“

En eftir tuttugu ára hlé frá þeirri senu þurfti Steinunn að finna skáldskapinn á ný. „Fyrir þremur árum fór ég að hugsa að ég gæti ekki alla ævi verið ungskáld úr Reykjavík með þrjár útgæfnar ljóðabækur að baki. Því ákvað ég að svara því heidarlega hvort ég gæti enn eitthvað í skáldskap. Ég vissi ekki hvaða svar ég fengi en fékk mér hús úti í sveit, fór pangað ein og gekkst á hölm við sjálfa mig eftir ákveðnum leiðum.

Ég sá fyrir mér að þetta væri eins og ógnardjúpur brunnur og það væri þung og mikil steinhella yfir honum. Ég yrði að bregða böndum á og draga hana af til að vita hvað væri ofan í. Ég tók á af öllum lífs- og sálarkröftum, dró ofan af og orðagusunar gengu samstundis upp og því hefur ekki linnt síðan.

Mér líður eins og ég gangi inn á stóran lager þar sem öll lífsreynsla mín er og raðar sér upp í óendanlegt magn hugmynda. Ég tek eitthvað úr hillunni og það verður mér að ljóði eða sögu. Einhvern veginn tókst mér því á ný að tengja við sköpunargáfuna og fyrir það er ég óskaplega þakklát því ég veit að það er síður en svo sjálfgefið og í rauninni dýrmæt og vandmeðfarin gjöf sem ber að umgangast af hæversku og virðingu. Nú hef ég endalausar hugmyndir og þótt ég hafi mig alla við þá kemst ég ekki yfir þær allar. Þetta er það sem ég mun gera.“

Steinunn segist finna umtalsverðan blæbrigðamun á því sem hún skrifar nú og fyrir 20 árum. „Þá skrifaði ég út frá því sem ég hélt að væri, út frá sársauka ungu áranna, þegar maður hefur ekki þroskast, heldur grunar



Frá útgáfubéfi Manneskjusögu á Bókakaffi í lok október. Myn: GG

ýmislegt en veit ekki. Núna koma allt aðrir hlutir til mín en öll mín reynsla rennur saman í einhvern garð sem ég get gengið um og lesið mér blóm úr.“

### Ljóðabókin saga lífs míns

Haustið 2016 opnaði Steinunn vefinn Yrkir.is þar sem hún hefur safnað ljóðunum sínum, blaðgreinum og fleiri ritverkum. Árið 2017 gaf hún út lítið ljóðakver með ljóðum frá Mexíkó sem hún ljósritaði og gaf vinum. Í vor kom svo ljóðabókin Áratök tímans og loks skáldævisagan Manneskjusaga í haust.

„Þegar ég var komin að þeirri niðurstöðu að ég ætti enn eitthvað inni ákvað ég að gangast því á hönd af heilum hug. Ég velti fyrir mér hvornig ég færi að eftir yfir 20 ára hlé og fann út að ég yrði að hafa einhvern grundvöll til að vinna á, stað þar sem ég tæki saman það sem ég hefði gert til þessa og til að viðróa nýtt efni. Það fyrsta sem ég gerði var að ná mér í Yrkir.is og þar setti ég út allt sem ég kom höndum yfir af því sem ég hafði áður samið og nýjan skáldskap.

Sam höfundurinn fannst mér vefurinn áhugaverð leið. Ég er engum háð hvað varðar birtingu á nýju efni, get sett það í loftið hvenær sem mér hentar og breytt því ef svo ber undir. Sömuleiðis er það að eiga eigin höfundarvef mjög hentug lausn á að safna höfundarverki sínu saman og birta það á aðgengilegan hátt fyrir alla sem það vilja skoða. Að þessu sögðu breytir það þó ekki því að mér þykir allra best að fá sköpunarverk mitt prentað á bók, ekkert kemur í staðinn fyrir það. En vefurinn er þó alltént alltaf mjög handhæg, snögg og viðtæk birtingarleið.

Smá saman safnaði ég í ljóðabók og var svo komin með handrit sjötíu ljóða. Þá fór ég að hugleiða hvort ég ætlaði að birta hana á vefnum, gefa út sjálf á pappír eða rafrænt eða fá útgefanda. Af því að mér finnst besti

lífsþlaup konu sem tengdist Steinunni fjölskylduböndum. Sú er í bókinni kölluð Björg og Steinunn rekur sögu konunnar sem gengur frá upphafi ekki heil til skógar og upplifir hræðilega atburði sem samtíminn getur ekki tekið á við.

„Þetta er harmsaga sem nánast enginn kann orðið skil á frá upphafi til enda nema ég. Mér fannst ég skulda afkomendum konunnar að skrifa sögu hennar. Ég hefði ekki valið þetta efni en þetta var mín persónulega Herðubreið sem ég varð að fara yfir ætti ég að geta haldið áfram veginn í sagnaskrifum.“

Því er heldur ekki að leynd að þetta er líka afar gott frásagnarefni því það ristir mjög djúpt. Það er nálægt okkur í tíma og merkilegur spegill á samfélag þess tíma og hvornig það brást við. Ég vildi leggja þessa sögu á borðið, bæði sem kraftmikla sögu en líka fyrir þá sem þekkjast til.“

Bókinni hefur verið lýst sem skáldævisögu, frekar en frásagnabók eða heimildarskáldsögu. „Ég var ekki endilega viðstödd atburðina sem segir frá í bókinni né hef ég grjótharðar heimildir um allt. Skáldævisöguformið gefur mér svigrúmið til að fara upp fyrir söguna og segja frá henni sem alvitur sögumaður. Það hefði ég ekki getað gert með heimildasögu. Skáldævisagan gefur mér nauðsynlegt svigrúm til þess bæði að halda öllum staðreyndum til haga en líka spinna milli atburða og sviðsetja.“

### Tíðarandinn er ljóti kallinn

Bókarynir Austurgluggans sagði þunga bókarinnar beinast að samfélagi sem þegi yfir misnotkun og ofbeldi og skapi þannig skjól fyrir ódæðisfólk sem eyðileggi líf. Sagan sé samt skrifuð af hluttekningu með flestöllum persónum.

„Stóra atriðið í þessari frásögn er að þarna fæðist stúlka sem sjálfsgött gengur ekki alveg heil til skógar. Frá upphafi er hún því á skjól og kemst aldrei á sporbaug. Smám saman verða þeir atburðir sem eyðileggja líf hennar. Ljóti kallinn í bókinni er fyrst og fremst tíðarandinn og skilningsleysið sem verða til þess að aldrei eru ræddir óþægilegir og erfiðir hlutir sem menn skildu ekki. Fólk átti að standa sína plikt og vera duglegt en ekki æðrast. Þessi þöggvan verður enn frekar til þess að viðkomandi fær aldrei neina hjálp og gengur veginn til glötunar.“

Sagt er frá því hvornig þessi kona steytir á samfélaginu sem vill hana ekki, skilur ekki og getur ekki. Fæstir ætluðu að vera vondir við hana en skildu ekki hvað gekk á. Samfélagið hafði ekki forsendur til að ræða málin. Kannski kristallast það í því að söguhetjan verður fyrir kynferðisofbeldi og foreldrunum er

### Verður að fara lengra en maður þorir

Fyrstu drög að Áratökum tímans voru tilbúin í mars í fyrra. Um svipað leyti var Steinunn klár með fyrsta uppkast að Manneskjusögu.

„Ég var komin á fulla siglingu. Mig langaði að skrifa alvöru sögu, en hvornig skrifa maður sögu? Ég hef skrifað óteljandi viðtöl en aldrei skáldsögu. Ég var rög í byrjun og ekki viss um að ég gæti tekið stökkið yfir í skáldsögunum en gerði það sem ég þurfti til að svo mætti verða. Ég veit af langri reynslu að ég verð alltaf að fara aðeins lengra en ég þori til að hreyfast úr stað, þróa og þroskast.“

Steinunn sendi handritið til Bókabeitunnar sem gefur bókina út undir merkjum Bókautgáfunnar Bjartar. „Það liðu þrjú mánuðir frá því þær fengu handritið og þar til bókinn kom úr prentun. Þetta var ótrúlega hratt vinnsluferli en vandað og traust.“

### Svigrúm til að spinna á milli raunverulegra atburða

Manneskjusögu hefur verið lýst sem skáldævisögu. Hún byggir á raunverulegum atburðum um


ráðlagt að kæra ekki því þá missi hún mannorðið en það fer litlum sögum af ærumissi þess sem misnotaði vald sitt gagnvart henni.

Nú tölum við um kynferðisofbeldi og námsörðugleika, um hvernig hjálpa megi þeim sem standa höllum fæti. Við erum búin að ávarpa hluti sem ekki var gert þarna. Nú gripum við fólk eftir bestu getu. Eg hugsa að þessi manneskja hefði verið gripin og henni hjálpað ef hún hefði fæðst í dag en ekki árið 1959," segir Steinunn.

### Tárvotir lesendur

Úr verður nóturleg saga sem á köflum er átakanlegt að lesa. „Sagan er mjög hráslagaleg en það eru líka falllegir sprettir í henni. Það er hins vegar svo skrytið að þessi bók virðist hitta fólk hressilega í hjartað. Ég hef fengið símtöl og verið stoppuð úti á götu. Fólk segir við mig að það lesi bókina í einum rykk og geti ekki lagt hana frá sér, þótt það kosti að lesa fram á nótt og að það flói í tárur. Kannski er það af því að sagan er svo stutt frá okkur í tíma að allir geta heimfært eitthvað úr bókinni á þann veruleika sem þeir þekka eða hafa haft spurnir af.

Ættingjar þeirra sem koma við sögu hafa haft samband og þakkað mér fyrir að skrifa söguna. Hún er ekki auðveld fyrir neinn sem þekkir til en fólk finnst einhver hreinsun



Ég sé fyrir mér að þetta væri eins og ógnardjúpur brunnur og það væri þung og mikil steinbella yfir bonum. Mynd: GG

í henni þó sumt hafi jafnvel verið enn verra en frá er sagt í bókinni. Þögnin og leyndarmálin skemma út frá frá sér og valda sálarkróm, það er erfitt að bera þögnina. Allir gerðu eins og þeir gátu eða höfðu forsendur til en það felst í því léttir að viðra út og ávarpa atburðina og þá geta menn mögulega lokað þessu fyrir sér og sæst.

Í raun lagði ég upp með að skrifa þessa sögu af auðmjúku hjarta. Ég vissi ekki hvert sagan tæki mig, ég gætti þess eftir megni að

meiða engan en ég var líka alveg hreinskilin. Ég er ánægð með hvað fólk tekur bókinni vel og nú er ég búin að klífa Herðubreið í annað sinn, ég gekk einu sinni á þessa einu sönnu og nú er ég búin að klífa mína sálarlegu Herðubreið líka. Núna get ég haldið áfram og farið að skrifa um eitthvað allt annað.“

### Tilbúin að halda út á lendur skáldskaparins

Steinunn hyggst nota það sem eftir er vetrar til að skrifa barnabók. „Hún

verður um kisuna Pippin. Hún opnaði sjálf fyrir sér útdyrhurðina hér 4. janúar 2018. Við gerðum allt sem við gátum til að losna við hana en hún hleypti sér alltaf inn og á endanum tókum við hana að okkur. Við elskuðum hana mjög þrátt fyrir yfirgengilegan prakkaraskap og vesen uns hún varð fyrir bíl og dó í haust.“

Á eftir henni ætlar Steinunn aftur að finna sér stað úti í sveit til að takast á við að skrifa skáldsögu. Sú áskorun er frábrugðin því að skrifa Manneskjusögu. „Ég var að eiga við ævi raunverulegrar manneskju. Ég hafði tímaramma utan um söguna og vildi lýsa henni af heilindum, ekki fabúlura um hluti sem ég vissi ekkert um. Það verður annað að fara út á hreinar lendur skáldskaparins. Ég bið hins vegar spennit eins og barn eftir jóluum að takast á við þetta. Það er í alvöru þannig að ekkert gerir mig eins hamingjusama og skáldskapurinn nema þá börnin mín tvö. Þegar ég skrifa hverfa mér bæði stund og staður. Glíman við textann og blæbrigði málsins er svo skemmtileg.

Svo hrúgast upp ljóðin, misjöfn að gæðum auðvitað, en það kemur að því að ég tek saman þau sem mér þykja góð í nýtt handrit.“

GG



# Egersund

## Island

Part of Egersund Group

Egersund Island ehf. óskar útgerðar- og sjómönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum fyrir viðskiptin og samstarfið á árinu sem er að líða.

